

RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLAEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM

HH 2022/2



# Nöfn fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu

Anna Vilborg Einarsdóttir  
Ágústa Þorbergsdóttir  
Sigríður Sigurðardóttir



© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Útgefandi: Háskólinn á Hólum, 2022/2.

Sími (+354) 455 6300.

Vefpóstur: holar@holar.is

Veffang: www.holar.is

Titill: Nöfn fyrirtækja í íslenskri ferðapjónustu.

Höfundar: Anna Vilborg Einarsdóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Ljósmyndir: Ágústa Þorbergsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9596-9-0



Bygðarannsóknasjóður Bygðastofnunar styrkti þessa rannsókn.

## Ágrip

Markmið rannsóknar um tungumál ferðaþjónustu á Íslandi er að kanna hvaða tungumál eru notuð og hvernig. Rannsóknin hófst árið 2019 á því að sendur var spurningalisti til ferðaþjónustufyrirtækja sem báru erlent nafn og forsvarsfólk spurt hvers vegna og hvernig nafnið var valið. Einnig var spurt um hvaða tungumál voru mest notuð á vinnustaðnum og hvort erlent starfsfólk fengi íslenskukennslu. Einnig var safnað upplýsingum um stefnu gagnvart notkun tungumála í ferðaþjónustunni, með áherslu á auglýsingar og upplýsingar á skiltum. Einnig var safnað upplýsingum um nafngiftir ferðaþjónustufyrirtækja sem a) voru tengdar ferðaþjónustu og b) veittu gistingu.

Upplýsingar um nöfn ferðaþjónustufyrirtækja, sem tengjast ferðaþjónustunni, fengust af lista sem Ferðamálastofa hefur sett upp yfir alla starfandi ferðaþjónustutengda aðila og fyrirtæki. Upplýsingar um fyrirtæki, sem bjóða gistingu, voru teknar af bókunarvefsíðum og landshlutabundnum kynningarvefsíðum. Listi yfir aðila og fyrirtæki, sem tengjast ferðaþjónustu, var kannaður og fyrirtækin flokkuð eftir starfsemi til að sjá hvort erlendar nafngiftir tengdust frekar einni grein ferðaþjónustunnar en annarri. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður um nöfn þessara ferðaþjónustufyrirtækja á árinu 2021–2022.

Lykilorð: ferðaþjónusta, íslenska, málstefna, markaðssetning, erlend nöfn ferðaþjónustufyrirtækja, landshlutasamtök, markaðsstofa, skilti, sveitarfélög.

## Abstract

The aim of this research was to examine language use in tourism in Iceland, in order to assess which languages are used and how. The research commenced in 2019 when a questionnaire was sent to various tourism businesses which carried non-Icelandic names, asking how and why that name was chosen. It was asked which languages were used the most in the workplace and whether non-Icelandic speaking workers received any Icelandic language course. Furthermore, information was collected on whether businesses had defined a policy regarding the use of languages in the tourism industry, focusing on advertisements and information given on signs. Information was gathered on the naming of tourism businesses which were a) involved in any tourism related activity and b) only provided accommodation.

Information on the names of tourism businesses was assembled from a comprehensive list of all tourism related businesses, provided by the Icelandic Tourism Board.

Information on businesses that provide accommodation was gathered from booking sites and regional promotional webpages.

These lists of businesses offering tourism related products were scanned and businesses were put into categories based on the service provided. This was done to see whether non-Icelandic business names were more likely to be associated with one tourism related activity than another. This report contains the results on the naming of tourism businesses 2021-2022.

Keywords: tourism, Icelandic, language policy, marketing, non Icelandic names for businesses, municipal organizations, marketing agency, signs, municipalities.

## Efnisyfirlit

Skrá yfir myndir og gröf .....	2
Inngangur .....	3
1 Staða þekkingar.....	4
2 Aðferðafræði og gildi rannsóknar .....	6
2.1 Framkvæmda- og samstarfsaðilar .....	6
2.2 Tilgangur og markmið.....	6
2.3 Lýsing á verkefninu í stuttu máli.....	6
2.4 Væntanlegur árangur, afurð.....	6
2.5 Gagnaöflun.....	7
2.5.1 Upplýsingar frá Ferðamálastofu .....	7
2.5.2 Upplýsingar af vefsíðum.....	7
3 Úrvinnsla.....	8
3.1 Nöfn og markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja.....	8
3.1.1 Landshlutabundin nöfn fyrirtækja.....	9
3.1.2 Mismunur á nafngiftum fyrirtækja eftir aldri.....	13
3.1.3 Starfsemistengd nöfn ferðaþjónustufyrirtækja.....	14
3.1.4 Þematengd nöfn .....	17
3.2 Nöfn íslenskra gististaða á booking.com.....	19
3.3 Nöfn gistipjónustufyrirtækja á vefsíðum markaðstofa og landshluta .....	23
Landið allt – samanburður .....	28
4 Umræður og niðurstöður.....	29
Lokaorð .....	31
Heimildir .....	32
Viðauki I .....	34
Viðauki II.....	45

## Skrá yfir myndir og töflur

1 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU. ....	8
2 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU Á REYKJANESI. ....	9
3 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU. ....	9
4 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI VESTLENSKRA FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU. ....	10
5 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI VESTFIRSKRA FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU. ....	10
6 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI NORÐLENSKRA FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU. ....	11
7 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU Á AUSTURLANDI. ....	11
8 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI SUNNLENSKRA FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU. ....	11
9 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU Á HÁLENDI ÍSLANDS. ..	12
10 ÍSLENSK OG ERLEND FYRIRTÆKJAHEITI EFTIR LANDSHLUTUM. ....	12
11 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FYRIRTÆKJA <b>YNGRI</b> EN 2010. ....	13
12 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FYRIRTÆKJA <b>ELDRI</b> EN 2010. ....	13
13 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI FERÐASKIPULEGGJENDA OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU. ....	14
14 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI SAMGÖNGUTENGÐRA FYRIRTÆKJA. ....	15
15 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI HAGNAÐARDRIFINNAR AFÞREYINGAR. ....	15
16 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI VEITINGA- OG GISTIÞJÓNUSTU. ....	16
17 LÖGHEITI OG MARKAÐSHEITI SAMFÉLAGSÞJÓNUSTUTENGÐRA FYRIRTÆKJA. ....	16
18 ICELAND ER VINSÆLLA EN ÍSLAND. ....	17
19 KAFFI ER VINSÆLLA EN CAFE/CAFÉ. ....	17
20 GUESTHOUSE ER VINSÆLLA EN GISTIHÚS EÐA GESTAHÚS. ....	17
21 ALGENG ENSK ORÐ Í NÖFNUM FYRIRTÆKJA ÁRIÐ 2021. ....	18
22 ÞEMATENGING ERLENDRA NAFNA GISTI- OG VEITINGASTAÐA. ....	18
23 NÖFN GISTISTAÐA Á REYKJANESI SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	19
24 NÖFN GISTISTAÐA Í REYKJAVÍK Í DESEMBER 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	20
25 NÖFN GISTISTAÐA Á VESTURLANDI Í JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	20
26 NÖFN GISTISTAÐA Á VESTFJÖRÐUM Í JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	21
27 NÖFN GISTISTAÐA Á NORÐURLANDI Í JÚLÍ 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	21
28 NÖFN GISTISTAÐA Á AUSTURLANDI Í JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	22
29 NÖFN GISTISTAÐA Á SUÐURLANDI SUMARIÐ 2022 SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	22
30 ÍSLENSKT FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI MEÐ ENSKT HEITI. ....	23
31 NÖFN GISTISTAÐA Á REYKJANESI Í JÚNÍ SAMKVÆMT VISITREYKJANES.IS. ....	24
32 NÖFN GISTISTAÐA Í REYKJAVÍK Í JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT VISITREYKJAVIK.IS. ....	24
33 NÖFN GISTISTAÐA Á VESTURLANDI Í JÚNÍ SAMKVÆMT WEST.IS. ....	25
34 NÖFN GISTISTAÐA Á VESTFJÖRÐUM Í JÚNÍ SAMKVÆMT WESTFJORDS.IS. ....	25
35 NÖFN NORÐLENSKRA GISTISTAÐA Í MAÍ-JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT NORTHICELAND.IS. ...	26
36 NÖFN AUSTFIRSKRA GISTISTAÐA Í JÚNÍ SAMKVÆMT VEFSÍÐUNNI EAST.IS. ....	26
37 NÖFN SUNNLENSKRA GISTISTAÐA Í JÚNÍ 2022 SAMKVÆMT VEFSÍÐUNNI SOUTH.IS. ....	27
38 SKILTÍ ÞAR SEM ÍSLENSKA ER Á UNÐAN ERLENDU TUNGUMÁLI. ....	27
39 GISTISTAÐIR Á LANDINU SAMKVÆMT BOOKING.COM. ....	28
40 GISTISTAÐIR Á LANDINU SAMKVÆMT ÍSLENSKUM VEFSÍÐUM. ....	28

## Inngangur

Á ferð um landið blasa við erlend nöfn fyrirtækja sem mörg hver eru í ferðaþjónustu og af og til berast fregnir af því að gömul og rótgróin fyrirtæki skipta íslensku nafni sínu út fyrir erlent nafn. Þannig hefur ferðamannastraumur til landsins haft sýnileg áhrif í viðskipta- og menningarlífi okkar. Heiti ferðaþjónustufyrirtækis felur í sér ákveðin skilaboð til ferðamanna. Ferðaþjónustufyrirtæki og verslanir leggja áherslu á að höfða til erlendra gesta með auglýsingum og vörumerkingum, einkum á ensku, en fleiri ástæður má nefna, s.s. fjölgun innflytjenda, YouTube, Netflix og snjalltækjabyltingar þar sem mest af efninu er á ensku.

Íslensk sem og erlend nöfn fyrirtækja í ferðaþjónustu geta skapað væntingar. Þau eru hluti af ásýnd landsins í hugum þeirra sem ferðast um landið, jafnt íslenskra sem erlendra ferðalanga. Í þessari skýrslu eru teknar saman upplýsingar um nöfn fyrirtækja í ferðaþjónustu á Íslandi og unnið úr þeim á ýmsa vegu, svo sem hvort munur er á nafngiftum fyrirtækja eftir landshlutum eða hvort erlend nöfn fylgi fremur einni starfsemi en annarri, innan greinarinnar.

## 1 Staða þekkingar

Meginatriðið í málstefnu Íslendinga, sem samþykkt var á Alþingi árið 2009 að tillögu Íslenskrar málnefndar, er að það eigi að vera unnt að nota íslensku á öllum sviðum íslensks samfélags. Þetta er einnig meginmarkmið í endurskoðaðri málstefnu Íslenskrar málnefndar 2021–2030. Stuðningur við íslensku var einnig settur í lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011) þar sem kveðið var á um að íslenska væri þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi og að stjórnvöld skyldu tryggja að unnt yrði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Einnig er ákvæði í lögum eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu um að auglýsingar sem eiga að höfða til íslenskra neytenda eigi að vera á íslensku (nr. 57/2005).

Íslensku var raðað í efsta styrkleikaflokk árið 2003 samkvæmt mælikvarða UNESCO um stöðu og lífvænleik tungumála og hún metin „örugg“ (e. safe) (sbr. Eirík Rögnvaldsson 2016, 7). Matið byggist á því að íslenska var notuð á öllum sviðum þjóðlífsins: í stjórnkerfinu, í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum og í öllum daglegum samskiptum fólks. Þrátt fyrir að tungumálið standi enn nokkuð sterkt, sbr. fyrrnefnd lög og málstefnu samþykktu af Alþingi, má ekki líta fram hjá því að tilhneiging til enskunotkunar á sumum sviðum íslensks þjóðlífs virðist fara vaxandi. Ferðapjónustan er dæmi um það en þar er áreiti frá ensku víðtækt. Íslenskt samfélag er alþjóðlegra en áður var og á sumum sviðum notar hluti starfsmanna í ferðapjónustu ekki íslensku við störf sín. Áreiti á íslensku hefur vaxið mikið á tiltölulega skömmum tíma og bæði vegna þjóðfélags- og tæknibreytinga, sem valda því að staða íslenskunnar hefur þrengst (Eiríkur Rögnvaldsson 2016, 7). Ari Páll Kristinsson bendir á að í ljósi hnattrænna samskipta þar sem enska er lykiltungumálið í öllum meginatriðum verði að taka þá alvarlega sem spá því að staða íslensku geti versnað stórlega á stuttum tíma (2017, 39–40). Sú hætta sem talin er að steðji að íslensku felst í því sem hefur verið nefnt notkunarsviðstap eða umdæmisvandi (Kristján Árnason, 2001, 8–9). Með því er átt við hættu á því að íslenska missi ákveðin notkunarvið til ensku annaðhvort vegna þess að málnotendur kjósi fremur að nota ensku á ákveðnum sviðum, eða þá vegna þess að íslenska er ekki í boði.

Ferðapjónusta er dæmi um svið þar sem erlendum starfsmönnum hefur fjölgað og fjölgunin hefur haft mikil áhrif. Á þessu tiltekna notkunarsviði íslenskunnar, þ.e. í ferðapjónustunni, er sífellt meiri áhersla lögð á að höfða til útlendinga með auglýsingum og merkingum á ensku og íslensku þá jafnvel sleppt. Óhjákvæmilegt er að samskipti Íslendinga við erlenda ferðamenn fari að miklu leyti fram á ensku eða öðru því tungumáli sem viðkomandi skilur. Ensk áhrif á notkunarvið íslenskunnar eru þegar töluverð og má þar t.d. nefna kennslu í



háskólum, alþjóðleg viðskipti og í ferðaþjónustunni (Ari Páll Kristinsson, 2017, 49).

Meðvitund um stöðu íslensku skiptir máli og að taka afstöðu með eigin tungumáli í daglegri málhegðun. Aðalatriðið er að fólk almennt hafi áhuga á að nota íslensku og sjái að hún skipti máli í daglegu lífi. Njóti tungumálið ekki fylgis almennings er lítil framtíðarvon í því.

## 2 Aðferðafræði og gildi rannsóknar

Nöfn fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu er meginleg rannsókn sem fór fram þannig að teknir voru saman listar og þeir flokkaðir niður eftir tölulegum upplýsingum. Þýði rannsóknarinnar voru annars vegar allir skráðir ferðaþjónustuaðilar hjá Ferðamálastofu og hins vegar allir gististaðir á Íslandi sem skráðir eru á bókunarsíðunni booking.com og á vefsíðum Markaðsstofa og landshluta.

### 2.1 Framkvæmda- og samstarfsaðilar

Rannsókninni stjórnðu: Anna Vilborg Einarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, lektorar við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum (HH) og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

### 2.2 Tilgangur og markmið

Markmið rannsóknarinnar er að fá nánari innsýn í notkun tungumála í ferðaþjónustu á landinu. Það gerum við með því að:

- kanna áherslur um notkun ákveðinna tungumála í ferðaþjónustu,
- safna upplýsingum um hvernig íslenska er notuð sem samskipta- og markaðsmál í ferðaþjónustu innanlands,
- skoða hvaða möguleika ferðaþjónustan hefur til að nota íslensku sem tækifæri og vekja athygli ferðaþjónustunnar á þeim menningararfi sem býr í íslensku tungumáli.

### 2.3 Lýsing á verkefninu í stuttu máli

Verkefnið snýst um að fá úr því skorið hvort enska eða íslenska er meira notað tungumál í íslenskri ferðaþjónustu. Þýðið var sem fyrr segir nöfn allra ferðaþjónustufyrirtækja á landinu sem skráð eru hjá Ferðamálastofu og nöfn gististaða á upplýsinga- og bókunarsíðum. Þau voru flokkuð eftir tungumálum og athugað hvort munur er á nafngiftum eftir því hvað þau bjóða, s.s. afþreyingu, samgöngur, gistingu eða veitingar:

- á lista hjá Ferðamálastofu,
- á vefsíðum ferðamálasamtaka,
- á bókunarvefnum booking.com.

### 2.4 Væntanlegur árangur, afurð

Öflun upplýsinga um stöðu tungumálanotkunar í íslenskri ferðaþjónustunni er mikilvæg og ætti að varpa ljósi á áherslur gagnvart tungumálanotkun í markaðssetningu. Sömuleiðis má af

þeim sjá hvernig og hvort ferðþjónustuaðilar nota tungumálið til að draga fram sérstöðu landsins. Rannsóknin á að gefa upplýsingar um:

- stöðu íslensku í markaðssetningu í ferðþjónustu innanlands,
- stöðu íslensks tungumáls í íslenskri ferðþjónustu,
- nafngiftir ferðþjónustufyrirtækja.

Í þessari skýrslu er unnið með síðastnefnda liðinn.

## 2.5 Gagnaöflun

Rannsóknin hófst árið 2020. Þá beindist hún að fyrirtækjum og þeim íslensku ferðþjónustuaðilum og -fyrirtækjum sem bera erlend nöfn. Rafræn spurningakönnun var send til 1050 ferðþjónustufyrirtækja með erlend nöfn, um allt land. Svör bárust frá 146 ferðþjónustufyrirtækjum. Það sumar, 2020, voru einnig tekin viðtöl við 30 ferðþjónustuaðila, 15 á Norðurlandi og 15 á Suðurlandi. Skýrsla hefur þegar komið út um þann áfanga.<sup>1</sup>

Vorið 2022 hélt rannsóknin áfram og var unnið úr nafnalista sem Ferðamálastofa hefur yfir öll ferðþjónustutengd fyrirtæki og stofnanir sem eru með einhverjum hætti tengd ferðþjónustu í landinu. Um leið og upplýsingum var safnað voru teknar myndir af auglýsingum og upplýsingaskiltum við þjóðvegi og í þéttbýli.

### 2.5.1 Upplýsingar frá Ferðamálastofu

Til að kanna stöðu tungumála í nöfnum fyrirtækja sem tengjast ferðþjónustu fékkst leyfi til að nota nafnalista frá Ferðamálastofu fyrir árið 2021.

### 2.5.2 Upplýsingar af vefsíðum

Safnað var upplýsingum af visitreykjanes.is, visitreykjavik.is, west.is, westfjord.is, northiceland.is, east.is, south.is og booking.com. Ein breyta, nöfn gististaða, var valin til nákvæmrar skoðunar.

---

<sup>1</sup> Sjá [https://www.holar.is/static/files/Ferdamaladeild/Utgefid/radandi\\_tungumal\\_i\\_isl\\_ferda.pdf](https://www.holar.is/static/files/Ferdamaladeild/Utgefid/radandi_tungumal_i_isl_ferda.pdf)


### 3 Úrvinnsla

Úrvinnslunni er skipt í þrjá þætti. Í þætti 3.1 er tekin fyrir úrvinnsla nafngifta af fyrirtækja- og stofnanalista frá Ferðamálastofu fyrir árið 2021. Í þáttum 3.2 og 3.3 er unnið úr nafngiftum fyrirtækja sem bjóða gistingu annars vegar á bókunarvefnum booking.com og hins vegar á ferðaþjónustutengdum landshlutavefsíðum.

#### 3.1 Nöfn og markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja

Á nafnalista Ferðamálastofu árið 2021 voru 3754 nöfn. Af þeim voru 368 nöfn margsinnis endurtekin og með sömu kennitölu þannig að áður en vinnsla hófst voru þau vinsuð úr og ákveðið var að telja þau einu sinni á landsvísu. Dæmi: Bílaleiga Akureyrar, Hertz bílaleiga, Icelandair Hotels, Kaffitár, N1, Olís, Penninn, Saffran o.fl. Eftir stóðu 3368 fyrirtæki sem mynda þýði þessa rannsóknarliðs. Fyrirtækin starfa öll á Íslandi og tengjast ferðaþjónustu með beinum eða óbeinum hætti. Samkvæmt lista Ferðamálastofu bera þau bæði lögheiti og markaðsheiti sem eru ekki alltaf þau sömu. Lögheiti er hið opinbera lögverndaða nafn en markaðsheitið er það nafn eða heiti sem notað er í markaðssetningu. Fyrirtækjaskrá bannar ekki erlend heiti í firmanafni og það er heimilt að skrá erlent aukheiti, eða hjáheiti, sem einnig er kallað og virðist vera það sama og Ferðamálastofa kallar markaðsheiti félags. Ekki er „heimilt að skrá firma með erlendu heiti og íslensku hjáheiti“ (Skatturinn, e.d.). Að auki eiga heiti að samrýmast íslensku málkerfi og á erlenda aukheitið helst að vera þýðing á íslenska nafninu.

1 Lögheiti og markaðsheiti íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu.



Ákveðið var að fylgja fordæmi Ferðamálastofu og nota markaðsheiti í stað hjáheitis og skipta nöfnum fyrirtækjanna í þrennt og telja í báðum hópum (lögheiti og markaðsheiti):

- 1) íslensk heiti,
- 2) blönduð heiti, en þá er um að ræða samsetningu tveggja tungumála og


3) ensk eða önnur erlend heiti. Alls nota 66% íslenskra fyrirtækja íslensk lögheiti og 60% nota íslensku sem markaðsheiti. Þar með nota 34% erlend lögheiti og 40% fyrirtækja blönduð markaðsheiti.

### 3.1.1 Landshlutabundin nöfn fyrirtækja

Ferðamálastofa skiptir fyrirtækjum á lista sínum eftir landsvæðum: Reykjanes, höfuðborgarsvæðið, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland, Austurland, Suðurland, Reykjanes og hálendið. Sama skipting er notuð í úrvinnslunni.


Á **Reykjanesi** voru 178 fyrirtæki. Af þeim bera samtals 53% erlend lögheiti, 44% á ensku og 9% eru með blönduð heiti. Fleiri markaðsheiti eru erlend eða 57%.

#### 2 Lögheiti og markaðsheiti fyrirtækja í ferðaþjónustu á Reykjanesi.




Á **höfuðborgarsvæðinu** töldust 1006 ferðaþjónustutengd fyrirtæki og stofnanir. Af þeim bera 45% lögheiti á ensku og 12% blönduð nöfn, eða 57% af heildarfjöldanum. Ensk markaðsheiti eru á 48% þessara fyrirtækja og blönduð markaðsheiti (bæði á íslensku og ensku, eða öðru tungumáli) á 15% þeirra, eða 63%.

#### 3 Lögheiti og markaðsheiti ferðaþjónustufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.




Á **Vesturlandi** voru 304 ferðapjónustutengd fyrirtæki og stofnanir. Af þeim bera 12% lögheiti á ensku og 8% blönduð nöfn (íslenskt/enskt), eða 20% af heildartölunni. Þá bera 12% fyrirtæki markaðsheiti á ensku og jafn mörg blönduð nöfn (bæði á íslensku og ensku).

#### 4 Lögheiti og markaðsheiti vestlenskra fyrirtækja í ferðapjónustu.




Á **Vestfjörðum** voru 196 fyrirtæki á lista Ferðamálastofu. Af þessum 196 fyrirtækjum bera 11% þeirra lögheiti á ensku og 8% blönduð nöfn (íslenskt/enskt). Erlend markaðsheiti bera samtals 24%, eða 10% ensk og 14% blönduð.

#### 5 Lögheiti og markaðsheiti vestfirskra fyrirtækja í ferðapjónustu.




Á **Norðurlandi** voru 614 fyrirtæki og stofnanir á lista Ferðamálastofu á árinu 2021. Af þessum 614 fyrirtækjum bera 15% lögheiti á ensku og 8% blönduð nöfn, samtals 23% af heildartölunni. Alls 30% bera erlend markaðsheiti (16% á ensku og 14% blönduð).

## 6 Lögheiti og markaðsheiti norðlenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu.




Á **Austurlandi/Austfjörðum** voru 210 skráð ferðaþjónustutengd fyrirtæki. Af þeim bera 7% lögheiti á ensku og 9% bera blönduð heiti, alls 16%. Ensk markaðsheiti eru á 9% og blönduð á 12% fyrirtækja þar.

## 7 Lögheiti og markaðsheiti fyrirtækja í ferðaþjónustu á Austurlandi.




Á **Suðurlandi** voru 657 ferðaþjónustutengd fyrirtæki. Alls bera 24% erlend lögheiti, 16% á ensku og 8% blönduð. Fleiri nota erlend markaðsheiti eða 19% á ensku og 14% blönduð.

## 8 Lögheiti og markaðsheiti sunnlenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu.




Ferðamálastofa var með 49 fyrirtæki skráð á **hálandinu** árið 2021. Af þeim bera 6% erlend lögheiti og þau sömu nota erlend markaðsheiti. Á þessum hálandislista eru 38 fjallaskálar. Ýmis afþreying er í boði þar, s.s. dagsferðir, fuglaskoðun, gönguferðir, hestaferðir, jeppa- og jöklaferðir, ljósmyndaferðir, norðurljósaskoðun, hjólaferðir, sleðaferðir.

### 9 Lögheiti og markaðsheiti fyrirtækja í ferðaþjónustu á hálandi Íslands.



Sé horft til allra landshluta hvað varðar notkun erlendra og blandaðra markaðsheita þessara ferðaþjónustutengdu fyrirtækja og stofnana kemur í ljós að hlutfallslega flest fyrirtæki á Reykjanesi og höfuðborgarsvæðinu, eða 57%–63%, bera erlend og blönduð nöfn. Langfæst fyrirtæki á hálandinu nota erlend eða blönduð markaðsnöfn. Á Austurlandi/Austfjörðum, Vesturlandi og Vestfjörðum bera rúm 20% ferðaþjónustutengd fyrirtæki erlend nöfn en rúmlega 30% sunnlenskra fyrirtækja.

### 10 Íslensk og erlend fyrirtækjaheiti eftir landshlutum.






### 3.1.2 Mismunur á nafngiftum fyrirtækja eftir aldri


Þegar þýðinu var skipt í tvennt þannig að í öðrum hópnum voru fyrirtæki og stofnanir sem stofnuð voru á síðasta áratug, eða frá og með árinu 2010 miðað við kennitölur, og í hinum hópnum voru eldri fyrirtæki og stofnanir, lentu 1342 fyrirtæki og stofnanir í yngri hópnum. Af þeim eru 53% með íslensk lögheiti og 45% með íslensk markaðsheiti. 10% voru með ensk lögheiti og 39% með ensk markaðsheiti. 37% voru með blönduð lögheiti (bæði íslensk og ensk, eða á öðru tungumáli) og 16% voru með blönduð markaðsheiti.

#### 11 Lögheiti og markaðsheiti fyrirtækja *yngri* en 2010.



Í eldri hópnum voru 1998 fyrirtæki og stofnanir skráð á kennitölur frá því á árinu 2009 og fyrr. Alveg eins og hjá þeim yngri eru fyrirtæki með sama nafn og á sömu kennitölu nefnd einu sinni. Unnið er út frá einni kennitölu eins og þær koma fyrir í stafrófsröð. Af þessum 1998 fyrirtækjum og stofnunum var 81% (1608) með íslensk lögheiti og 72% (1445) voru með íslensk markaðsheiti. 7% (142) voru með blönduð lögheiti og 11% (210) með blönduð

#### 12 Lögheiti og markaðsheiti fyrirtækja *eldri* en 2010.



markaðsheiti, 12% (248) voru með ensk lögheiti og 17% (343) með blönduð markaðsheiti.


Þegar fyrirtækjanöfn með kennitölur í þessum hópum eru borin saman sést að lögheiti 81% þeirra eldri eru íslensk en 53% þeirra yngri og að markaðsheiti 72% þeirra eldri eru íslensk en 45% þeirra yngri. Munurinn er talsverður. Alls 19% eldri fyrirtækja og stofnana bera erlend eða blönduð lögheiti en 47% í yngri hópnum. 28% eldri stofnanir og fyrirtæki bera erlend eða blönduð markaðsheiti en 55% þeirra yngri.

### 3.1.3 Starfsemistengd nöfn ferðapjónustufyrirtækja

Ýmsar þematengdar breytur voru skoðaðar svo sem veitendur upplýsingaþjónustu og ferðaskipuleggjendur, fyrirtæki sem bjóða samgöngutæki, fyrirtæki sem bjóða hagnaðardrifna afþreyingu og fyrirtæki sem bjóða gistingu og veitingar. Í einn hópinn voru valdar samfélagslega reknar stofnanir og fyrirtæki fyrir almenning/heimamenn og eru rekin án hagnaðarvona (e. non profit) en ferðamenn sækjast eftir.

Ferðaskipuleggjendur og veitendur upplýsingaþjónustu á lista Ferðamálastofu árið 2021 voru 291. Þessi breyta sýnir að hlutfallslega miklu fleiri í þeim hópi nota erlend nöfn en í þýðinu öllu. Þau bera íslensk lögheiti í 44% tilvika, erlend og blönduð lögheiti í 56% tilvika og 41% þeirra nota íslensk markaðsheiti. 59% þeirra nota erlend eða blönduð markaðsheiti.


#### 13 Lögheiti og markaðsheiti ferðaskipuleggjenda og upplýsingaþjónustu.



Ein breytan var fyrirtæki sem bjóða upp á samgöngutæki, s.s. bíla- og hjólaleigur sem miða beinlínis á ferðamenn, samtals 57 fyrirtæki. Erlendar nafngiftir eru meira áberandi hjá þeim en hjá ferðaskipuleggjendum. Mörg þessara fyrirtækja nota erlend og blönduð markaðsheiti


eða 62% borið saman við 38% sem nota íslensk markaðsheiti. Íslensk lögheiti bera 42% fyrirtækjanna en 58% erlend eða blönduð heiti.

#### 14 Lögheiti og markaðsheiti samgöngutengdra fyrirtækja.




Alls 1134 fyrirtæki bjóða ýmiss konar afþreyingu sem beinlínis er beint að ferðamönnum. Þau voru sett saman í einn hóp hagnaðardrifinna afþreyingarfyrirtækja í ferðaþjónustu. Þessi breyta sýnir álfka niðurstöðu og ferðaskipuleggjendur og veitendur upplýsingaþjónustu og fyrirtæki sem bjóða samgöngutæki. Erlend og blönduð lögheiti fyrirtækja sem bjóða afþreyingu fyrir ferðamenn eru 58% af fjöldanum en 42% eru með íslensk lögheiti. Af þeim eru 38% með íslensk markaðsheiti en 62% með erlend eða blönduð markaðsheiti.

#### 15 Lögheiti og markaðsheiti hagnaðardrifinnar afþreyingar.



Samtals 1792 fyrirtæki á lista Ferðamálastofu bjóða gistingu og veitingar. Þótt staðsetning þeirra byggist að einhverju leyti á væntingum til að fá svæðisbundna viðskiptavinum gera mörg þeirra beinlínis út á erlenda ferðamenn. Erlend eða blönduð heiti eru á 23% lögheita þessara fyrirtækja en 77% þeirra bera íslensk lögheiti. Markaðsheiti þessara fyrirtækja eru 32% erlend eða blönduð og 68% íslensk.

#### 16 Lögheiti og markaðsheiti veitinga- og gistiþjónustu.



Samtals eru 210 stofnanir og fyrirtæki sem voru upphaflega sett á fót fyrir almenning án hagnaðarvona en ferðamenn sækjast eftir. Þetta eru: sundlaugar, leikhús, opinber söfn, minjastaðir, skruðgarðar o.fl. sem þjóna nærsamfélögum sínum og þar með talið ferðamönnum sem fara um eða er beint þangað fyrir milligöngu ferðaþjónustuaðila. Hvorki erlend eða blönduð lögheiti eða markaðsheiti finnast hjá þessari breytu.


#### 17 Lögheiti og markaðsheiti samfélagsþjónustutengdra fyrirtækja.



### 3.1.4 Þematengd nöfn


Samkvæmt framansögðu ber mest á erlendum nöfnum hjá fyrirtækjum sem selja afþreyingu af einhverju tagi, hjá þeim sem skipuleggja ferðir og hjá samgöngufyrirtækjum. Kannað var hvort munur væri á heitum eftir þemum, s.s. hvernig nafnið *Ísland* væri notað. Meirihluti þeirra (86–88%) sem notuðu nafnið í heitum fyrirtækja þýddu það yfir á ensku, nokkur dæmi voru einnig um að nafnið væri þýtt á frönsku, ítölsku og spænsku og á önnur tungumál.

18 *Iceland er vinsælla en Ísland.*




Tegundarheitið *kaffi* var skoðað með sama hætti. *Cafe* eða *café* er oft í blönduðum heitum á kaffihúsum.

19 *Kaffi er vinsælla en cafe/café.*



Hið sama gildir um heitin *gestahús* og *gistihús*, sem eru skrifuð svipað á íslensku og ensku. Fólki virðist tamara að grípa til *guesthouse* á ensku en nota *gestahús* eða *gistihús* á íslensku.


20 *Guesthouse er vinsælla en gistihús eða gestahús.*




Mörg erlend (ensk) heiti eru tengd náttúru og menningu og virðast sumar þessara tenginga fremur vera þýddar á ensku en að þær séu á íslensku. Dæmi um það eru *adventure* (ísl. ævintýri), *arctic* (ísl. heimskauf), *horse* (ísl. hross), *north* (ísl. norður) og *viking* (ísl. víkingur). Munurinn á lögheitum og markaðsheitum er ekki áberandi nema í einstöku tilfellum eins og í *adventure*, *volcano* og *viking* sem tengjast fleiri markaðsheitum en lögheitum.

Margir nota erlend heiti á gistingu og veitingum og þegar skoðað er hver tíðni enskra heita eru hjá þannig fyrirtækjum sést að töluverður munur er á lögheitum og markaðsheitum. Nær helmingi algengara er t.d. að nota *guesthouse*, *cottage* og *bed and breakfast* sem markaðsheiti en lögheiti og þrisvar sinnum algengara að nota *lodge* sem markaðsheiti en lögheiti. Þá er töluvert um að sömu erlendu nöfnin komi fyrir aftur og aftur. Orð eins og *adventure*, *arctic*, *nordic* og *north* eru algeng. Fleiri heiti/orð eru oft notuð í nöfn fyrirtækjanna.

## 22 Þematenging erlendra nafna gisti- og veitingastaða.



## 21 Algeng ensk orð í nöfnum fyrirtækja árið 2021.



### 3.2 Nöfn íslenskra gististaða á booking.com


Hér er unnið úr könnun á nafngiftum íslenskra fyrirtækja sem bjóða gistingu á bókunarvefnum booking.com (booking.is). Fyrirtækjunum er skipt eftir landshlutum. Á þessum vef er nokkuð áberandi að þótt fyrirtækin beri íslensk nöfn nota þau ekki alíslenska stafsetningu. Stafir eins og *í*, *ú*, *ð* og *þ* er skrifaðir *i*, *u*, *d* og *th*. Þetta breytir ásýnd nafnsins en með því vilja gestgjafar væntanlega koma til móts við þann hóp mögulegra gesta sem eru að vafra um veraldarvefinn í leit að álitlegum stöðum og hafa ekki aðgang að íslenskum stöfum á lyklaborði sínu. Kannanir á vefsíðunni fóru fram á tímabilinu maí til desember 2022.

Uppröðunin hefst á Reykjanesi og endar á Suðurlandi, þannig að farið er sólarinnis kringum landið. Listi yfir gististaðina er í Viðauka I. Dæmi eru um að gististaður sé flokkaður á fleiri en einn stað og jafnvel eru dæmi um að gististaðir eru skráðir á tvo landshluta (sjá viðauka). Nokkur dæmi sýndu að gististaðir sem höfðu hótél í nafni sínu voru skráðir sem gistiheimili og sömuleiðis voru nokkur dæmi um að sunnlenskir og norðlenskir staðir voru skráðir undir Austfirði og að vestfirskir gististaðir voru skráðir undir Vesturland og öfugt. Þessi tilhögun olli því að nokkur tími fór í að lesa gististaðina í sundur þannig að þeir væru ekki tvítaldir.

#### Reykjanes

Samtals 77 gististaðir voru í boði á booking.com í maí 2022. Áberandi mikill meirihluti íbúða og heimagistinga (um 70%) bera erlend heiti. Hið sama gildir um hóp sumar- og smáhýsa þar sem þrjú af sjö voru með íslenskt heiti. Tuttugu aðilar, fimmtán hótél og fimm aðrir gististaðir hafa *airport* í nafninu. Tíu gististaðir nota Reykjavík–Keflavík í nafninu.


23 Nöfn gististaða á Reykjanesi samkvæmt booking.com.



## Reykjavík

Í desember 2022 stóðu 308 gististaðir gestum til boða í Reykjavík samkvæmt booking.com. Langflest hótélanna, meiri hluti gistiheimila, íbúða og heimagistinga bera blönduð nöfn og ellefu af fjórtán farfuglaheimilum. 88 þessara gististaða hafa Reykjavík í nafni sínu.


24 Nöfn gististaða í Reykjavík í desember 2022 samkvæmt booking.com.



## Vesturland

Í júní 2022 voru 110 gististaðir tiltækir vestan lands samkvæmt booking.com. Þar bar meirihluti hótela íslensk nöfn (um 75%) og blönduð nöfn voru afar áberandi.

25 Nöfn gististaða á Vesturlandi í júní 2022 samkvæmt booking.com.






## Vestfirðir

Á Vestfjörðum voru 73 gististaðir tiltækir í júní 2022 samkvæmt booking.com. Eins og vestan lands báru flest vestfirsk hótél íslensk nöfn og meiri hluti íbúða og heimagistinga báru íslensk nöfn. Í öðrum hópum voru blönduð nöfn mest áberandi.


26 Nöfn gististaða á Vestfjörðum í júní 2022 samkvæmt booking.com.



## Norðurland

Samkvæmt booking.com voru 330 gististaðir á Norðurlandi í júlí 2022. Langflestir gististaðir bera blönduð nöfn. Flest íslensk nöfn eru á hótélum en nöfn farfuglaheimila eru öll blönduð.


27 Nöfn gististaða á Norðurlandi í júlí 2022 samkvæmt booking.com.



## Austurland

Samkvæmt booking.com voru 115 gististaðir á Austurlandi í júní 2022. Áberandi margir gististaðir bera blönduð nöfn. Hótelin skáru sig nokkuð frá öðrum hópum með íslensk nöfn en hvorki farfuglaheimili né smáhýsi eða sumarhús bera íslensk nöfn.


28 Nöfn gististaða á Austurlandi í júní 2022 samkvæmt booking.com.



## Suðurland

Sumarið 2022 voru 400 gististaðir á Suðurlandi samkvæmt booking.com. Nær helmingur hótélanna bar íslenskt nafn en flestir aðrir gistimöguleikar voru með blönduð nöfn. Ekkert farfuglaheimilanna var með íslenskt nafn.

29 Nöfn gististaða á Suðurlandi sumarið 2022 samkvæmt booking.com.





30 Íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki með enskt heiti.

### 3.3 Nöfn gistiþjónustufyrirtækja á vefsíðum markaðstofa og landshluta

Í þessum þætti er unnið úr könnun á nafngiftum ferðaþjónustufyrirtækja eftir staðsetningu þeirra á landinu. Skoðaðir voru gistimöguleikar á íslenskum og enskum og enskum auglýsingasíðum undir vefsíðunum: [visitreykjanes.is](http://visitreykjanes.is), [visitreykjavik.is](http://visitreykjavik.is), [west.is](http://west.is), [westfjords.is](http://westfjords.is), [northiceland.is](http://northiceland.is), [east.is](http://east.is) og [south.is](http://south.is).

Flokkarnir sem eru til skoðunar eru hótél, gistiheimili, farfuglaheimili, íbúðir og heimagisting og sumarhús, smáhýsi. Undir íbúðum og heimagistingu eru: íbúðir, einbýli, bændagisting og heimagisting. Gisting í tjöldum er ekki meðtalin.

Nöfnin eru flokkuð í þrennt og breytur eru:


- 1) erlend nöfn,
- 2) blönduð nöfn þar sem í nafninu koma bæði fyrir íslensk og erlend nöfn og
- 3) íslensk nöfn, sem í sumum tilfellum eru stafsett þannig að *d* er notað í stað *ð*, *th* í stað *þ*, *o* í stað *ó*, *u* í stað *ú* o.s.frv.

Nöfn gististaðanna eru ekki alltaf skráð á nákvæmlega sama hátt og fer það væntanlega eftir því hvort þeir eru ætlaðir íslenskumælandi eða enskumælandi fólki. Nokkuð er um að gististaðirnir séu skráðir undir tvo eða fleiri flokka svo sem bæði undir hótél og smáhýsi eða bæði undir hótél og íbúðir. Í þeim tilfellum var lagt mat á í hvaða hópi þeir áttu best heima þannig að þeir væru ekki taldir tvisvar.

## Reykjanes

Á Reykjanesi voru 45 gististaðir samkvæmt íslensku síðunni en 44 á þeirri ensku á vefsíðunni *Upplifðu Reykjanes* (visitreykjanes.is) miðað við 9. júní 2022. Samtals reyndust gististaðirnir vera 46 þegar síðurnar voru bornar saman.


31 Nöfn gististaða á Reykjanesi í júní samkvæmt visitreykjanes.is.



## Reykjavík

Undir *Where to stay* á vefsíðunni visitreykjavik.is var ekki íslensk síða en samkvæmt henni voru 62 gististaðir í Reykjavík þann 9. júní 2022. Síðan er aðeins á ensku og íslensk nöfn sjást aðeins hjá hótélunum.


32 Nöfn gististaða í Reykjavík í júní 2022 samkvæmt visitreykjavik.is.



## Vesturland

Alls voru 132 gististaðir á Vesturlandi samkvæmt íslensku síðunni en 150 á þeirri ensku, á vefsíðunni west.is miðað við 2. júní 2022 (Vesturland, 2022). Þegar báðar síður voru bornar saman reyndust þeir vera 152. Öll farfuglaheimilin báru erlend nöfn.


33 Nöfn gististaða á Vesturlandi í júní samkvæmt west.is.



## Vestfirðir

Á Vestfjörðum voru 64 gististaðir samkvæmt íslensku síðunni og 69 á þeirri ensku á westfjords.is þann 9. júní 2022 (Markaðsstofa Vestfjarða, 2022). Alls voru gististaðirnir 70, mismargir eftir tungumálum. Öll sumarhús eða smáhýsi báru erlend nöfn.


34 Nöfn gististaða á Vestfjörðum í júní samkvæmt westfjords.is.



## Norðurland

Samkvæmt vefsíðunni [visitnorthiceland.is](http://visitnorthiceland.is) voru 380 gististaðir skráðir á Norðurlandi 29. maí og 6. júní 2022, færri á íslensku síðunni en þeirri ensku 383. Þeir reyndust vera 381 þegar báðar síðurnar voru bornar saman (Upplifðu Norðurland, 2022).


35 Nöfn norðlenskra gististaða í maí-júní 2022 samkvæmt [northiceland.is](http://northiceland.is).



## Austurland

Samkvæmt íslensku síðunni á vefsíðunni [east.is](http://east.is) voru 86 gististaðir á Austurlandi en 88 undir ensku síðunni samkvæmt þann 9. júní 2022 (Visit Austurland, 2022). Þegar þær voru bornar saman var fyrri talan staðfest. Blönduð nöfn voru mest áberandi.


36 Nöfn austfirskra gististaða í júní samkvæmt vefsíðunni [east.is](http://east.is).



## Suðurland

Alls reyndust vera 364 gististaðir á Suðurlandi samkvæmt vefsíðunni south.is þann 7. júní 2022 (Upplifðu Suðurland, 2022). Þar voru íslensk nöfn í meiri hluta hjá hótélum, eins og annars staðar á landinu. Rúm 40% íbúða og heimagistinga og um helmingur sumarhúsa og smáhýsa báru íslensk nöfn.

37 Nöfn sunnlenskra gististaða í júní 2022 samkvæmt vefsíðunni south.is.




38 Skilti þar sem íslenska er á undan erlendu tungumáli.


## Landið allt – samanburður

Þegar fjöldi erlendra nafna á landinu í heild eru skoðaður, miðað við upplýsingar á fyrrnefndum vefsíðum, kemur í ljós að tæplega 40% hótela á booking.com nota erlend nöfn og um 60% á þeim íslensku (tölur 39 og 40). Um 25% gistiheimila bera erlent nafn samkvæmt booking.com en 15% samkvæmt íslensku vefsíðunum. Fá farfuglaheimili nota erlend nöfn á booking.com en tæp 20% á íslensku síðunum. Um 15% íbúða og heimagistinga hafa erlend nöfn á booking.com en rúm 30% á þeim íslensku. Mestur munur er á nöfnum smáhýsa og sumarhúsa á þessum síðum því rétt um 10% þeirra nota erlend nöfn á booking.com á móti um 45% þeirra á íslensku síðunum. Eins og sjá má á stöplaritum hér á eftir ber meirihluti allra gististaða í öllum hópum blönduð nöfn nema í hópi hótelanna.

### 39 Gististaðir á landinu samkvæmt booking.com.



### 40 Gististaðir á landinu samkvæmt íslenskum vefsíðum.





## 4 Umræður og niðurstöður

Við notum tungumálið til að tjá hugsanir okkar og tungutakið litast af talsmáta og reynsluheimi liðinnar tíðar. Þannig lifir reynsla undangenginna kynslóða, þjóðmenningin, í tungumálinu sem talað er. Staða tungumála ákvarðar að vissu marki aðstöðu og möguleika málnotenda (Ari Páll Kristinsson, 2017, 14). Notkun tungumáls sem fáir nota getur þjónað þeim tilgangi að marka sér sérstöðu á markaði en miðað við nafngiftir og markaðssetningu í íslenskri ferðaþjónustu virðist ekki mikil meðvitund um það. Þær staðreyndir blasa við á bókunar- og kynningarsíðum ferðaþjónustufyrirtækjanna og á lista Ferðamálastofu yfir sömu fyrirtæki að fyrirtæki í ferðaþjónustu bera meira og minna íslensk nöfn með erlendum skýringum, oftast þannig að með íslensku nafni fylgir skírskotun um fyrir hvað þjónusta þess stendur á ensku. Sé nafn að fullu erlent (yfirléitt enskt) má túlka það sem yfirlýsingu um hvað er í boði og að þjónustan sé á því tungumáli sem nafnið er dregið af. Þannig gætir markmiða fyrirtækjanna við nafngiftirnar og sömuleiðis ef erlent nafn er valið fremur en íslenskt að viðkomandi leggi meiri áherslu á að ná til erlendra aðila en innlendra. Að einhverju leyti virðist þetta vera svæðisbundið því þegar landið er skoðað kemur í ljós að mismunur er á heitum fyrirtækja eftir því hvar þau eru staðsett. Vel má taka undir orð Ara Páls Kristinssonar um að margt bendi til að mörg íslensk fyrirtæki sem leggja í auka kostnað til að halda í íslenskuna álíti að almenningur á Íslandi telji málrækt af hinu góða og því sé málvöndun hluti af því að skapa fyrirtækjum góða ímynd meðal íslenskra neytenda (Ari Páll Kristinsson, 2001). Vonandi fjölgar fremur en fækkar í þeim hópi þegar fram líða stundir. Eftirtektarvert er að samfélagslega miðuð fyrirtæki eða stofnanir, þ.e. sett á fót fyrir heimamenn, og sem ferðamenn sækjast eftir, bera yfirléitt alíslensk heiti sem virðast ekki fæla þá frá, nema síður sé.

Svo sem fram kemur á gröfum 25 og 26 ber nokkuð á því að fyrirtækin nota nöfn eins og: *glacier* (ísl. jökull), *north* (ísl. norður), *arctic* (ísl. norðurslóðir), *lava* (ísl. hraun), *volcano* (ísl. eldfjall), *wild* (ísl. ósnortið/villt), *adventure* (ísl. ævintýri) og *aurora* (ísl. norðurljós). Þannig nöfn vekja athygli á sérstöðu og í sumum tilfellum áskorunum sem einhver hópur fólks leitar eftir. Hugtök eins og *viking* (ísl. víkingur) og *whale* (ísl. hvalur) eru þekkt nöfn víða í öðrum löndum en nöfn eins og *blue* (ísl. blátt) og *black* (ísl. svart), verða að teljast „íslenskari“ en mörg önnur og notuð til að vekja aðrar tilfinningar og væntingar en um gullnar sólarstrendur. Nöfnin tengjast markaðstengingu fyrirtækjanna og notuð sem aðdráttarafl. Í rannsókn sem gerð var á nöfnum fyrirtækja í ferðaþjónustu í Svíþjóð kemur hið sama fram því á síðustu árum hafa sænsk fyrirtæki í auknum mæli, t.d. notað norðurslóðartengingar og heimskautatengd hugtök í nöfn sín til að vekja athygli á staðsetningu þeirra og draga fram sérstöðu sína (Marjavaara, Roger, Nilsson, Robert O., Müller, Dieter K., 2022, 119).

Í íslenskri málstefnu, sem samþykkt var á Alþingi árið 2009, var lagt til það markmið að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi. Það felur það í sér að tryggt skuli að hér á landi geti fólk áfram unnið sín störf á íslensku og viðskiptavinir geti áfram átt samskipti við fyrirtæki á Íslandi á íslensku. Jafnframt kemur þar fram að meginreglan skuli áfram verði sú að fyrirtæki á Íslandi heiti íslenskum heitum sem samræmast íslenskri málvenju (Íslenska til alls, 2009, 65). Eiríkur Rögnvaldsson sagði í viðtali í *Morgunútvarpinu* 24. maí 2022 að það væri vitnisburður um að fyrirtækjum þætti íslenskan hallærisleg þegar þau skipta um nafn og nefndi sem dæmi fyrirtækið *Flugleiðir* sem skipti yfir í *Icelandair ehf.* (2022, 24. maí). Fleiri fyrirtæki hafa gert hið sama. Nefna má *Ferðaðþjónustu bænda* sem er skráð lögheiti fyrirtækisins en markaðsheiti þess er *Hey Iceland. Ferðaðþjónusta Austurlands ehf.* notar enn það lögheiti en markaðsheitið er *FAS-buses* og *Litlahorn ehf.*, sem er lögheiti þess fyrirtækis, markaðssetur sig undir heitinu *Viking Cafe Guesthouse*. Gististaðir sem tilteknir eru á booking.is bera með sér tilraun til að gefa gististöðum heiti sem hafa þann tilgang að höfða til og laða að ákveðna hópa. Áherslan er á t.d. sett á heiti eiganda, samanber *Anna Guesthouse* og *Guesthouse Andrea*. Oft fylgja upplýsingar um búskap, fallett umhverfi, útsýni til sjávar, sólsetur, norðurljós og fleira. Svo sem fram kemur í gröfum 21 og 22 voru nokkur þematengd nöfn algengari en önnur um land allt bæði samkvæmt lista Ferðamálastofu yfir fyrirtæki í ferðaðþjónustu og vefsíðum þeim sem voru kannaðar.

Á vefsíðunni booking.com kom fram að 21 gististaðir voru með *cozy/cosy* í nafninu sínu, 18 með *downtown*, 7 með *lovely*, 15 *luxury*. Í Reykjavík einni var 41 gististaður með *center/centre* í markaðsnafni sínu. Athygli vakti að af þeim 11 sem nota *Iceland* í nafni sínu á booking.com eru aðeins tveir með *Ísland*.<sup>2</sup> Svo sem fram kemur í töflu 18 sem tekur mið af lista Ferðamálastofu notaði meirihluti (86–88%) þeirra sem notuðu *Ísland* í nöfnum fyrirtækjanna höfðu þýtt það á ensku. *Ísland*, rétt stafsett var einnig notað en aðeins í 12–14% tilfella. Á íslensku vefsíðunum var *Iceland* í 25 nöfnum en *Íslands* (svo stafsett) í sex.<sup>3</sup>

Hver sem ástæðan er fyrir erlendum nöfnum ætti að leggja mat á hvort leiðin sem við höfum valið okkur sé til farsældar fyrir tungumálanotkun, þjóðararf og þjóðmenningu til framtíðar litið og hvort ekki væri fremur hægt að nota tungumálið markvisst í nafngiftum til að vekja athygli á sérstöðu þess og landsins um leið. Líkur á að erlendir gestir landsins komi og fari án þess nokkur tíma að sjá íslensku eða heyra hana nefnda fara vaxandi. Sú staðreynd er umhugsunarefni því fyrir þá sem vita að tungumál þjóðarinnar er íslenska kann erlent nafn,

<sup>2</sup> sjá Viðauka I.

<sup>3</sup> sjá Viðauka II.

skilaboð og þjónusta á erlendri tungu (yfirleitt ensku) að hafa áhrif á tilfinningu gestsins gagnvart trúverðugleika þess sem er í boði .

Íslensk málnefnd lagði til að íslensk fyrirtæki verði hvött og eftir föngum studd til að móta sér skýra málstefnu sem hafi það að markmiði að tryggja stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu. Hún lagði jafnframt til að reglulega færi fram jákvæð umræða í samfélaginu og fyrirtækjunum um ávinninginn af því að íslenska sé aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi og þau lífsgæði fyrir Íslendinga sem í því felast (Íslensk málstefna, 2009, 65–66).

Í þessu efni hvílir ábyrgðin hjá þjóðinni sjálfri. Hægt væri að leggja fram málstefnu fyrir ferðaþjónustuna þannig að allir vinni að sama markmiði gagnvart tungumálanotkun í greininni. Það gæti samt verið snúið þar sem að markmiðum málstefnu verður aðeins náð með því að almenningur, kennarar og fjölmiðlar taki höndum saman og fylgi henni eftir (sbr. Ara Pál Kristinsson, 2001). Lög og reglur koma að litlu gagni ef þjóðin sjálf tekur ekki einarða afstöðu með íslenskri tungu (Íslensk málstefna, 2009, 65).

## Lokaorð

Sú könnun sem hér er kynnt sýnir að íslensk ferðaþjónusta talar fremur til erlendra gesta en innlendra. Þá niðurstöðu má draga út frá fjölda erlendra og blandaðra fyrirtækjanafna í ferðaþjónustu og ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu (nr. 57/2005), um að auglýsingar sem eiga að höfða til íslenskra neytenda eigi að vera á íslensku að þá er enskum, eða öðrum erlendum, skilaboðum væntanlega ekki beint til Íslendinga á ferð innanlands. Undanfarinn áratug hefur færst í vöxt að nota erlendar nafngiftir fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustunni (tafla 11) og enska er auðsjáanlega og -heyrilega það tungumál sem mest er notað til kynninga og á vinnustöðunum. Verði íslenska ekki gjaldgeng í ferðaþjónustu á Íslandi og enska verður tekin fram yfir hana mun hljómur og ásýnd landsins breytast. Þar með glatast mikilvæg sérstaða og um leið verðmæti. Það á auðvitað að kynna íslensku fyrir erlendum gestum landsins alveg jafnt og aðra íslenska menningu og það á að vera réttur íslenskumælandi fólks að geta fengið upplýsingar á sínu eigin tungumáli á ferð um landið. Íslenskan á að vera jafn fyrirferðarmikil í íslenskri ferðaþjónustu og enska eða hvaða annað tungumál sem er.

## Heimildir

- Anna Vilborg Einarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir. (2020). Tungumál í ferðapjónustu. Í Ágústa Þorbergsdóttir (ritstj.). *Málfregnir*. 1. tölublað. 18. árgangur, nóvember 2020, 21–27. Íslensk málnefnd <http://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2020-28-1-tbl.pdf>.
- Ari Páll Kristinsson. (2001). Íslensk málstefna. *Málsgreinar*. <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=704>
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Eiríkur Rögnvaldsson (viðmælandi). (2022, 24. maí). *Morgunútvarpið* [Útvarpsþáttur]. Ruv.is. <https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grrdu/islenskan-med-eiriki-rognvaldssyni>.
- Íslensk málnefnd. (2021). Íslensk málstefna 2021–2030. [https://islenskan.is/images/Isensk\\_malstefna\\_sept\\_2021.pdf](https://islenskan.is/images/Isensk_malstefna_sept_2021.pdf)
- Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009*. (2009). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4405/islenska\\_til\\_alls\\_2009-11-06.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4405/islenska_til_alls_2009-11-06.pdf?sequence=1)
- Kristján Árnason. 2001. Málstefna 21. aldar. Í Ari Páll Kristinsson (ritstj.). *Málfregnir*, 11. árgangur, 3-9. Íslensk málnefnd.
- Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markmiðssetningu*, nr. 57/2005. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2005057.html>
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls*, nr. 61/2011. <https://www.althingi.is/lagas/152c/2011061.html>
